

**HEILBRIGÐISNEFND**  
**HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS**  
**163. fundur – 29. ágúst 2011**

**Fundargerð**

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 29. ágúst 2011. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 17. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Sunna Björg Helgadóttir boðaði forföll. Í hennar stað mætti Bryndís Skúladóttir.

Fundargerð 162. fundar heilbrigðisnefndar frá 20. júní 2011 lögð fram.

**1 Fundargerð 141. starfsmannafundar frá 24. ágúst 2011**

**1.1 Starfsleyfi**

**Garðabær**

**1.1.1 Lyngás 12, Garðabær - bílasprautun**

Lögð fram umsókn Auðuns Jón Auðunsson f.h. Bílasprautunar Íslands ehf., kt. 650398-2389, dags. 12.07.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílasprautuverkstæðis að Lyngási 12, Garðabæ. Ný starfsemi. Húshluti: 01 0303. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

**1.1.2 Kaupún 6, Garðabær - stóreldhús**

Lögð fram umsókn Brynju Halldórsdóttur, f.h. Kaupás hf., kt. 711298-2239, dags. 3.08.2011, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu matvæla og reksturs veislubjónustu að Kaupúni 6, Garðabæ. Húshluti: Veitingaaðstaða. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

**1.1.3 Ránargrund, Garðabær - veitingasala**

**1.1.3.1 Tímabundið leyfi til veitingasölu**

Lagt fram afrit af leyfi til kaffisölu í veitingatjaldi í tjaldi við Ránargrund, Garðabæ. Tímabundin starfsemi. Starfsemin hafði áður verið til umfjöllunar á fundi nefndarinnar þann 20. júní 2011 með gildistíma til 29.08.2011.

**1.1.3.2 Umsókn um leyfi til veitingasölu**

Lagt fram bréf Sigríðar Guðlaugsdóttur dags. 16.08.2011 þar sem óskað er eftir framlengingu starfsleyfis um 1 mánuð (30. ágúst 2011 til 29. september 2011) fyrir veitingasölu sem byrjaði í taldi en nú hefur verið byggður lítill kofi við Ránargrund í Garðabæ. Um er að ræða aðstöðu fyrir allt að 15 manns inni og 15-20 manns á palli. Rennandi vatn er ekki til staðar né fráveita. Heilbrigðisnefnd synjar erindinu.

**1.1.4 Urriðavatnsdalir, Garðabær - íþróttavöllur**

Lögð fram umsókn Emils Emilssonar, f.h. Golfklúbbsins Odds, kt. 611293-2599, dags. 19.07.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs golfvallar, þar með talið verkstæði og vélageymsla á Urriðavelli, Garðabæ. Eigendaskipti. Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

**Hafnarfjörður**

**1.1.5 Dalshraun 9b, Hafnarfirði - kjötvinnsla**

Lögð fram umsókn Gunnars Þórs Gíslasonar, f.h. Síld og fiskur ehf., kt. 590298-2399, dags. 15.07.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kjötvinnslu að Dalshrauni 9b, Hafnarfirði.

Húshluti: allt húsið og hluti af húsi nr. 9. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 2 ára með fyrirvara um lausn á mengunarvörnum fyrir 1.06.2012.

1.1.6 Dalshraun 11, Hafnarfirði - fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Lilju Gröber kt. 060752-0019, dags. 25.08.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu að Dalshrauni 11, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0203. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.7 Drangahraun 10, Hafnarfirði - bílapartasala

Lögð fram umsókn Elíasar K. Péturssonar, f.h. E. Péturssonar ehf (Aðalpartasölunnar) kt. 411199-3559, dags. 19.08.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vélaverkstæðis að Drangahrauni 10, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0102. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er mælt með auglýsingu starfsleyfis til 12 ára.

1.1.8 Drangahraun 14, Hafnarfirði - verkstæði

Lögð fram umsókn Eggerts E. Jónssonar, f.h. Þarfaþings hf. kt. 450193-3059, dags.

21.06.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málm- og trésmíðaverkstæðis að Drangahrauni 14, Hafnarfirði. Húshluti: allt húsið. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.9 Flatahraun 5a, Hafnarfirði - krá

Lögð fram umsókn Ingvars Svendsen, f.h. Norður & Niður ehf., kt. 560708-0840, dags.

9.08.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kráar án matsölu, að Flatahrauni 5a, Hafnarfirði. Húshluti: 101-102. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.10 Grandatröð 3, Hafnarfirði - endurnýting úrgangs

Lögð fram umsókn Sveinbjörns Freys Arnaldssonar, f.h. Grænnar orku ehf., kt. 450711-1520, dags. 13.07.2011, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu á BioDiesel og til framleiðslu á vistvænum hreinsivörum að Grandatröð 3, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0102. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er mælt með auglýsingu starfsleyfis til 12 ára.

1.1.11 Klausturhvamur 8, Hafnarfjörður - daggæsla

Lögð fram umsókn Aðalheiðar Runólfsdóttur, kt. 061076-4259, dags. 4.08.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu fyrir allt að 10 barna í raðhúsi að Klausturhvammi 8, Hafnarfirði. Húshluti: efri hæð. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeiglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.12 Klukkuberg 28, Hafnarfirði - sala á fæðubótaefnum

Lögð fram umsókn Björgvins Unnars Ólafssonar, f.h. Fitpower ehf, kt. 450711-1440, dags.

20.07.2011, þar sem sótt er um leyfi fyrir matvörudreifingu (netsölu) á fæðubótaefnum að Klukkubergi 28, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0202. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4ra ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar, hún valdi ekki ónæði fyrir nágretta og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.13 Lónsbraut 6, Hafnarfirði - saltfiskvinnsla

Lögð fram umsókn Ámunda S. Tómassonar, f.h. Sjávargulls ehf kt. 470102-3650, dags.

30.06.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs saltfiskvinnslu að Lónsbraut 6, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0121. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.14 Melabraut 17, Hafnarfjörður – íþróttasalur

Lögð fram umsókn Jóhanns Eyvindssonar f.h. CFH Gym ehf kt. 430611-2590, dags. 21.07.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs íþróttasalar að Melabraut 17, Hafnarfirði. Húshluti: efri hæð. Ný starfsemi. Var áður á fundi heilbrigðisnefndar 28.02.2011. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1. mars 2012 í trausti þess að fullnægt verði kröfum reglugerðar um hollustuhætti varðandi salerni við bað- og búningaöstöðu og með fyrirvara um að starfsemin verði í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

## Kópavogur

1.1.15 Akralind 1, Kópavogur - bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Guðmundar Jóns Kristjánssonar f.h. G.K. ehf. kt. 490288-1559 dags. 5.07.2011.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Akralind 1, Kópavogi. Húshluti: 01 0105. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.16 Auðbrekka 17-19, Kópavogur - bifreiðaverkstæði og sjálfvirk þvottastöð

Lögð fram umsókn Jóhannesar Egilssonar, f.h. Toyota Kópavogi (TK bílar ehf.) kt. 580406 0680, dags. 11.08.2011, þar sem sótt er um leyfi til rekstrar bifreiðaverkstæðis og sjálfvirkar þvottastöðvar að Auðbrekku 17-19 í Kópavogi. Húshlutar 01 0101 í báðum húsum. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.17 Auðbrekka 25-27, Kópavogur – réttingaverkstæði og bifreiðasprautun

Lögð fram umsókn Jóhannesar Egilssonar, f.h. Toyota Kópavogi (TK bílar ehf.) kt. 580406 0680, dags. 11.08.2011, þar sem sótt er um leyfi til rekstrar réttingaverkstæðis og bifreiðasprautunar að Auðbrekku 25-27 í Kópavogi. Húshlutar 01 0101 önnur hæð í báðum húsum. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar .

1.1.18 Bryggjuvör 3, Kópavogur kjötvinnsla

Lögð fram umsókn Ewu Bernadetu Kroma f.h. Kjötpól ehf, kt.461204-2440, dags. 29.07.2011, þar sem sótt er um leyfi til pylsu og skinkugerðar að Bryggjuvör 3, Kópavogi. Húshluti:01 0101. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.19 Dalvegur 16c, Kópavogur - húsgagnasmíði

Lögð fram umsókn Ingibjargar Vignisdóttur f.h. Húsgagnaverkstæðis Ingibjargar kt. 090182-3669 dags. 21.06.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs húsgagnaverkstæðis að Dalvegi 16c, Kópavogi. Húshluti: 01 0006. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.20 Hagasmári 1, Kópavogur – barnagæsla

Lögð fram umsókn Sturlu Eðvarðssonar f.h. Smáralindar ehf kt. 680807-1320, dags. 26.07.2011, þar sem sótt er um leyfi fyrir barnagæslu fyrir viðskiptamenn á jarðhæð Smáralindar, Kópavogi. Húshluti: L-086. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.21 Hagasmári 1, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn Ívars Unnsteinssonar f.h. Sushigryfjan.is kt. 510711-1490, dags. 16.08.2011, þar sem sótt er um leyfi fyrir veitingahús á jarðhæð Hagasmára 1, Kópavogi. Húshluti: L-011. Starfsemin er tengd Adesso ehf. í hluta U303 sama húss þar sem forvinnsla og starfsmannaástaða er samnýtt. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.22 Hamraborg 1-3, Kópavogur sala á matvöru

Lögð fram umsókn Magnúsar Gylfasonar f.h. Vörusels ehf, kt.691010-0660, dags. 5.07.2011, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu á matvöru (drykkja- og heilsuvörur) að Hamraborg 1-3, Kópavogi. Húshluti:01 0003. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinn úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.23 Kópavogsbraut 17, Kópavogur - fangelsi

Lögð fram að nýju umsókn Guðmundar Gíslasonar f.h. Skrifstofu fangelsa á höfuðborgarsvæðinu, kt. 440189-2029, dags. 22.11.2010, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fangelsis að Kópavogsbraut 17, Kópavogi. Húshluti: allt húsið. Endurnýjun.

Lagt fram erindi Skrifstofu fangelsa á höfuðborgarsvæðinu frá 22. nóvember 2010 þar sem óskað er undanþágu frá ákvæðum 53. gr. reglugerðar um hollustuhætti varðandi kröfu um salerni með handlaug skuli vera í hverjum klefa.

Fyrir liggur bréf frá Umhverfisstofu dags. 23.06.2011 þar sem undanþága er veitt frá ákvæðum 1. ml. 53. gr. reglugerðar um hollustuhætti

Með vísun til bréfs Umhverfisstofu dags 29.06.2011 er starfsleyfi samkvæmt ákvæðum hollustuháttareglugerð samþykkt til 1.07.2013.

1.1.24 Lindasmári 20, Kópavogur - hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Sigríðar G. Karlsdóttur kt. 150359-4069 f.h. Siggú hársnyrtistofu. dags. 20.05.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Lindasmára 20, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.

Mælt er með frestun þar sem skipulagsmál eru í skoðun.

1.1.25 Nýbýlavegur 2, Kópavogur - bifreiðaverkstæði og smurstöð.

Lögð fram umsókn Jóhannesar Egilssonar, f.h. Toyota Kópavogi (TK bílar ehf.) kt. 580406 0680, dags. 11.08.2011, þar sem sótt er um leyfi til rekstrar bifreiðaverkstæðis að Nýbýlavegi 2 í Kópavogi. Húshluti: efri hæð. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar .

1.1.26 Nýbýlavegur 8, Kópavogur - bifreiðaverkstæði og varahlutaverslun

Lögð fram umsókn Jóhannesar Egilssonar, f.h. Toyota Kópavogi (TK bílar ehf.) kt. 580406 0680, dags. 11.08.2011, þar sem sótt er um leyfi til rekstrar bifreiðaverkstæðis og varahlutaverslunar að Nýbýlavegi 8 ásamt verkstæði að Auðbrekku 25-27 í Kópavogi. Húshluti: 02 0101 Nýbýlavegi 8 og Auðbrekku 25-27 01 0101 jarðhæð. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.27 Skjólbraut 1a, Kópavogur - sambýli

Lögð fram umsókn Félagsþjónustu Kópavogs kt. 700169-3759, dags. 18.07.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Skjólbraut 1a, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi . Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 18.07.2011.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.28 Smáratorgi 1, Kópavogur – verslun og samkomustaður

Lögð fram umsókn Guðmundar Áss Birgissonar f.h. Seljavideo ehf, kt. 570110-1750, dags. 4.07.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar og samkomusalar að Smáratorgi 1, Kópavogi.

Húshluti.: hluti af 01 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.29 Smiðjuvegur 11, Kópavogur - veitingasala

Lögð fram umsókn Jakobs Hólm f.h. Bangkok ehf., kt. 681009-0940 dags. 2.08.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingasölu að Smiðjuvegi 11, Kópavogi. Húshluti: 01 0201.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.30 Smiðjuvegur 24D, Kópavogur - kjötvinnsla

Lögð fram umsókn Kristins Jakobssonar f.h. Kjöthússins ehf, kt. 670593-2079 dags.

7.07.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kjötvinnslu með reykofni að Smiðjuvegi 24D, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.31 Vesturvör 30a, Kópavogur - Bifreiðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Jóhannesar Egilssonar, f.h. Toyota Kópavogi (TK bílar ehf.) kt. 580406 0680, dags. 11.08.2011, þar sem sótt er um leyfi til rekstrar bifreiðaverkstæðis að Vesturvör 30a í Kópavogi. Húshluti: 01 0102. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.32 Víkurhvarf 4, Kópavogur - bónstöð

Lögð fram umsókn Sigurbjörns R. Sigurbjörnssonar f.h. Bónstöðvar Íslands, kt. 450111-0230, dags. 20.06.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bónstöðvar að Víkurhvarfi 4, Kópavogi. Húshluti: 01 0106. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

## 1.2 Umsagnir

### Garðabær

1.2.1 Ránargrund, Garðabæ, veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagður fram tölvupóstur frá sýslumanninum í Hafnarfirði dags. 19.07.2011 og bréf Heilbrigðiseftirlitsins frá 20.07.2011. Einnig lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags 14.06.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sigríðar Guðlaugsdóttur kt. 290866-4569, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II. við Ránargrund, Garðabæ. Afgreiðsla heilbrigðiseftirlits frá 20.07.2011 staðfest.

### Hafnarfjörður

1.2.2 Flatahraun 5a, Hafnarfjörður, veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 8.07.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Norður og niður ehf., kt. 560708-0840, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki III að Flatahrauni 5a, Hafnarfirði.

Eftirfarandi bókun var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 29.08.2011 umsókn Norður og niðurs ehf., um starfsleyfi til rekstur veitingastaðar skv. matvæla og hollustuháttareglugerðum. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt III. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir skemmtistað og krá.”

1.2.3 Óseyrarbraut 2, Hafnarfjörður, veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 22.08.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fáka og fólks ehf., kt. 520105-2550, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II að Óseyrarbraut 2, Hafnarfirði.

Eftirfarandi bókun var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 30.05.2006 umsókn Fáka og fólks ehf., um starfsleyfi til rekstur veitingastaðar skv. matvæla og hollustuháttareglugerðum. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt II. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að

ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastofu.”

## Kópavogur

### 1.2.4 Askalind 1, Kópavogur, Öryggismiðstöð, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags 29.08.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Öryggismiðstöðvar Íslands, kt. 410995-3369, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir haustfagnað Öryggismiðstöðvarinnar fyrir boðsgesti, föstudaginn 2.09.2011 frá kl. 17-22 að Askalind 1, Kópavogi.  
Jákvæð umsögn samþykkt.

### 1.2.5 Hagasmári 1, Kópavogi, Sushigryfjan ehf, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags 10.08.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sushigryfjunnar ehf., kt. 510711-1490, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II. að Hagasmára 1, Kópavogi.  
Eftirfarandi bókun var gerð:  
“Heilbrigðisnefnd samþykkti dags. 29.08.2011 umsókn Sushigryfjunnar ehf., um starfsleyfi til rekstur veitingastaðar skv. matvæla- og hollustuháttarreglugerðum. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt II. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastofu.”

### 1.2.6 Smiðjuvegur 11, Kópavogi, Icethai ehf, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags 11.08.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn (Icethai ehf.) Bangkok ehf, kt. 681009-0940, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II að Smiðjuvegi 11, Kópavogi.  
Eftirfarandi bókun var gerð:  
“Heilbrigðisnefnd samþykkti dags. 29.08.2011 umsókn Bangkok ehf., um starfsleyfi til rekstur veitingastaðar skv. matvæla- og hollustuháttarreglugerðum. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt II. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastofu.”

## 1.3 Tóbaksleyfi

### 1.3.1 Smáratorg 1, Kópavogur – verslun

Lögð fram umsókn Seljvideos ehf. (4 ásar) kt. 570910-1750, dags. 5.07.2011, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í versluninni 4 ásar í Smáratorgi 1, Kópavogi.  
Leyfi samþykkt.

### 1.3.2 Hvaleyrarbraut 3, Hafnarfjörður – Krónan

Lögð fram umsókn Kaupás hf. kt. 711298-2239, dags. 28.07.2011, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í Krónunni Hvaleyrarbraut 3, Hafnarfirði.  
Leyfi samþykkt

## 2 Skipulagsmál

### 2.1 Þríhnjúkagígur, Kópavogur Mat á umhverfisáhrifum, tillaga að matáætlun

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar frá 11. ágúst 2011 þar sem óskað er umsagnar um tillögu að matsáætlun vegna “Þríhnjúkagígs, Kópavogsbæ. Aðgengi ferðamanna- aðkomuvegur, þjónustumiðstöð og aðstaða til skoðunar” samkvæmt tillögu Þríhnjúka ehf. dags. ágúst 2011.  
Eftirfarandi bókun var gerð:  
„Heilbrigðisnefnd telur að boðuð framkvæmd gæti sett vatnsvernd í uppnám. Bæta þurfi umfjöllun um flæði grunnvatns”

### **3 Hvammur ehf. Elliðahvamm, Kópavogi. Eggja- og kjúklingaframleiðsla**

#### **3.1 Úrskurður nr. 1/2011**

Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir í máli nr. 1/2011, Boðaping ehf. gegn heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Með úrskurðinum er feld úr gildi ákvörðun heilbrigðisnefndar um að leita undanþágu til umhverfisráðherra frá ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 vegna umsóknar Hvamms ehf. um endurnýjun starfsleyfis til eggja- og kjúklingaframleiðslu við Elliðahvamm í Kópavogi.

#### **3.2 Undanþága frá ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti**

Lagt fram erindi Umhverfisráðuneytis frá 19. ágúst 2011 þar sem óskað er umsagnar um beiðni Þorsteins Sigmundssonar f.h. Hvamms ehf. eggja- og kjúklingabús um undanþágu frá hollustuháttareglugerð.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Heilbrigðisnefnd telur ekki þörf á frekari athugasemdum.“

#### **3.3 Starfsleyfisumsókn**

Lögð fram að nýju umsókn Þorsteins Sigmundssonar f.h. Hvamms ehf., kt.560986-2039, dags. 8.03.2010, þar sem sótt er um leyfi til reksturs eggja- og kjúklingaframleiðslu við Elliðahvamm, Kópavogi. Endurnýjun.

Lagt fram erindi umsækjanda frá 16. ágúst 2011 þar sem farið er fram á að afgreiðslu umsóknar verði frestað þar til afstaða umhverfisráðherra um beiðni á undanþágu liggi fyrir.

„Afgreiðslu frestað“

### **4 Hundahald.**

Lagt fram erindi Önnu Margrétar Kristinsdóttur frá 23. ágúst 2011 þar sem farið er fram á áframhaldandi leyfi til að halda hundinn Golíat nr. 5126 á heimili sínu.

Lögð fram afrit af bréfum Heilbrigðiseftirlitsins til Önnu M. Kristinsdóttur og Benjamíns Ágústar Gíslasonar frá 3. ágúst 2011 varðandi lausagöngu hundsins Golíats nr. 5126, ógn af hundinum og árás á vegfaranda ásamt gögnum málsins.

Heilbrigðisnefnd gerði eftirfarandi samþykkt:

„Heilbrigðisnefnd telur að hundurinn Golíat nr. 5126 hafi sýnt af sér verulega hættulegt atferli. Ólíðandi sé að hundur sé haldinn sem glefsi til og bíti vegfarendur þegar hann er laus úr gæslu. Með vísun til ákvæða 11. gr. samþykktar um hundahald nr. 154/2000 krefst nefndin þess að dýrið verði aflífað“

### **5 Framkvæmd eftirlits**

#### **5.1 Fjármál**

Lagt fram rekstraruppgjör heilbrigðiseftirlitsins fyrstu 6 mánuði ársins.

Staðan er í samræmi við fjárhagsáætlun.

#### **5.2 Yfirlit um eftirlit janúar- ágúst 2011**

Lagt fram yfirlit um eftirlit frá áramótum flokkað eftir atvinnugreinum, fjölda fyrirtækja og starfsemi, stöðu starfsleyfa og fjölda eftirlitferða .

#### **5.3 Matvælaeftirlit**

Farið yfir stöðu verkefna sem unnið er að samhliða reglubundnu og tilfallandi eftirliti.

Verið er að kanna í eftirlitsverkefnum í samvinnu við önnur eftirlitssvæði og Matvælastofnun, tíðni listeríu monocytogenes í reykum og grófum fiski á markaði, meðferð einnota og margnota umbúða í framleiðslufyrirtækjum og undirbúið hefur verið verkefni varðandi athugun á áranleika innihaldslýsingu matvæla.

Fyrirhugað er átak í eftirliti á veitingastöðum og verslunum til að tryggja að einungis heilbrigðisskoðað hreindýrakjöt sé á boðstólum.

Kynnt var úttekt á nokkrum þáttum er varða hreinlæti, umgengni og innihaldslýsingu á sjálf sölu úr sælgætisbörum á eftirlitssvæði heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis sem gerð var í sumar.

#### 5.4 Hollustuhættir

Farið yfir stöðu verkefna sem unnið er að samhliða reglubundnu og tilfallandi eftirliti. Um er að ræða tvö eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæða. Mat á að leggja á hvernig staðið er að öryggismálum og eftirliti á skólalóðum og kanna á öryggi dauðhreinsibúnaðar heilbrigðisfyrirtækja utan sjúkrahúsa þar sem krafist er slíks búnaðar og hvort slíkur búnaður sé til staðar þar sem æskilegt er að hann verði. Kynnt voru drög að stöðumatsskýrslu úr eftirlit með smásölu á tóbaki sem fram fór í ágúst mánuði.

#### 5.5 Lóðir og lendur

Átaksverkefni til að bæta umgengni og ásýnd athafnasvæða var í framkvæmd í nokkrar vikur. Nokkur árangur náðist tímabundið og ljóst að verulegt vinnuframlag þarf til að fylgja málum betur eftir.

#### 5.6 Mengunarvarnaeftirlit

Farið var yfir stöðu verkefna varðandi kjötvinnslur, bensinstöðvar, efnalaugar, bílapvottastöðvar og eftirlitsmælinga vegna fráveitna.

#### 5.7 Umhverfissvöktun

Rædd framkvæmd umhverfissvöktunar með vötnum, umferðarhávaða og loftgæðum.

#### 5.8 Eftirlit með hundahaldi

Lagðar fram upplýsingar og ræddar um fjölda skráðra hunda á eftirlitssvæðinu og framkvæmd eftirlits.

## 6 Önnur mál

### 6.1 Fráveitur sveitarfélaga

Lagt fram erindi Umhverfisstofnunar frá 24. maí 2011 þar sem því er beint til heilbrigðisnefnda að þær sjái til þess að sveitarfélög uppfylli skyldur sínar í samræmi við lög og reglugerðir varðandi fráveitur og skólp þannig að hagsmunir almennings séu tryggðir og umhverfinu stafi ekki hættu af. Jafnframt er vakin athygli á því að koma þarf fráveitumálum sveitarfélaga í lögmætt horf svo Ísland getir staðfest og fullgilt IV. viðauka MARPOL samningsins sem fjallar um varnir gegn skólpmengun frá skipum.

### 6.2 Hótun um skaðabótakröfu

Lagt fram erindi Helga Birgissonar hrl. dags. 1. Júlí 2011 til Umhverfisstofnunar varðandi kvörtun. Kvörtunin snýr að meintu ósamræmi sem lögmaðurinn telur f.h. Jóns Péturssonar, Fururvöllum 37, Hafnarfirði, að Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðið hafi við leyfisveitingar fyrir veitingasölu.

### 6.3 Veitingasalir og hundahald.

Lagt svar erindi Umhverfisstofnunar dags 5. júlí 2011 varðandi fyrirspurn um hvort leyfa megi að fara með hunda inn í veitingasal kaffihúss ætlað hundaeigendum. Álit stofnunarinnar er að ekki beri að skilgreina kaffihús sem ætlað er hundaeigendum með dýr sín sem starfsemi ætlaða dýrum samkvæmt ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:40

Guðmundur Sigurðsson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Bryndís Skúladóttir

Margrét Halldórsdóttir

Gísli Ó. Valdimarsson

Gísli Gíslason

Steingrímur Steingrímsson